

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 34 14. marz 1958.

1. gr.

VI. kafli orðist þannig:

Hafnargjöld.

15. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist hafnargjald af brúttó-rúmlestatali skips, talið í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

16. gr.

a. Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Hrísey, eða eru gerðir út þaðan, að minnsta kosti um tveggja mánaða tíma, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 150.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja rúmlest.

Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 300.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja rúmlest.

b. Fiskiskip greiði í hafnargjald kr. 2.00 af hverri rúmlest, en þó ekki meira en kr. 15.00 á ári af hverri rúmlest.

c. Strandferðaskip, sem einungis eru í innanlandssiglingum, greiði í hafnargjald kr. 1.00 af hverri rúmlest, en þó ekki meira en kr. 10.00 á ári af hverri rúmlest.

d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, greiði í hafnargjald kr. 1.50 af hverri rúmlest. Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip og björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

2. gr.

VII. og VIII. kafli reglugerðarinnar falli niður og breytist röð eftirfarandi kafla og greina í samræmi við það.

3. gr.

21. gr. sem verður 19. gr. breytist þannig:

1. flokkur: Gjald kr. 2.50 hver 100 kg: Kol, koks og salt.

2. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:

Kornvara, fóðurvara í sekkjum, garðávextir, mjólk, hey, áburður og sement.

3. flokkur: Gjald kr. 4.00 á hver 100 kg:

Oliur, benzin, smuroliur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, ull, mör, tólg, kolsýra og gærur.

4. flokkur: Gjald kr. 4.50 hver 100 kg:

Saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið, freðsild.

5. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:

Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar, byggingarefni, annað en trjáviður, ekki annars staðar talið, girðingarnet, og girðingarefni, jarðstrengir.

6. flokkur: Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-
dúkar, saumur, málningarvörur alls konar, pappírsvörur alls konar,
krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, sápur, þvottaefni og aðrar
hreinlætisvörur, járnvörur, handverkfæri, leirvörur, pottar, balar og
þess háttar.
7. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 10 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex, aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir,
niðursuðuvörur, súkkulaði, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
8. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófataður, tóbaksvörur og allar aðrar vör-
ur, sem reiknast eftir þyngd og eru ekki annars staðar taldar, filmur,
bækur, lyf.
9. flokkur: Gjald kr. 15.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.
10. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg: Ísvarinn fiskur.
11. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu af saltsild og hvers konar sjávar-
afurðum. Af hálf tunnnum reiknast kr. 1.75.
12. flokkur: Tómar tunnur eftir stærð kr. 1.00, 1.50 og 2.00 hvert stykki.
13. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Timbur og allar aðrar vörur, reiknaðar eftir rúmmáli.
14. flokkur: Gjald kr. 20.00 hver stórgripur og kr. 5.00 hver kind.
15. flokkur: Gjald kr. 3.00 hvert tonn, möl og sandur.

4. gr.

22. gr. sem verður 20. gr. orðist þannig:

Af heildarafla skipa greiðast kr. 10.00 af hverri rúmlest fiskjar, slægðum með
haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af sild. Af hverri tunnu eða máli síldar
greiðast kr. 0.75. Kaupandi eða vinnsluaðili, eða hver sá er verkar aflann, inn-
heimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir greiðslu þess til hafnarsjóðs Hríseyjar, þótt
hann innheimti það ekki hjá innleggjanda.

Gjaldið er kræft um leið og afla er landað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl
1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Skútustaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og
hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.